

## Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 20.ágúst 2012 kl. 16.30



Mætt voru: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Margrét Ólafsdóttir, Ármann Ketilsson, Áslaug Kristjánsdóttir og Hörður Sigurharðarson.

Frá ÍRA: Nói Björnsson og Erlingur Kristjánsson.

Ellert Örn Erlingsson forstöðumaður íþróttamála.

Frá UFA: Gunnar Gíslason formaður, Gyða Árnadóttir meðstjórnandi og Gísli Sigurðsson þjálfari.

Formaður bauð viðstadda velkomna og setti fundinn.

### 1. Æfingaraðstaða UFA

Tilfni fundarins var erindi frá UFA um húsnæðis og æfingaaðstöðu félagsins. Þröstur kynnti forsögu málsins en erindi höfðu einnig verið send á árunum 2010 og 2011. Óskað var eftir ákveðnum úrbótum, sem hefur ekki verið orðið við að hálfu Fasteigna Akureyrarbæjar á viðunandi hátt.

Farið var yfir atriðin í þessum erindum og Gunnar og Gísli skýrðu þau og rökstuddu þörfina á úrbótum. Ýmsar hugmyndir voru ræddar sem er nauðsynlegt að hrinda í framkvæmd, bæði varðandi húsnæðismál og tækjalausnir bæði inni í Boganum og á útisvæði. Sem dæmi var nefnd vöntun á geymsluhúsnæði og húsnæði fyrir t.d. tímatöku, sem hægt væri að leysa á hagkvæman hátt með tveimur gámum við endann á stúkunni. Í lið 13 kemur fram að félagsaðstaða er engin í dag en eindreginn vilji til þess að félagið eigi kost á. Í lið nr. 5 um stangarstöcksaðstöðu í Boganum kom fram að ekki gætt nóg að tækjum t.d. fyrir almennum ágangi og öryggisþáttum er ábótavant. Einnig þykja hlífar á stálköntum ekki nógu góðar og fleiri atriði er úrbóta þörf. Umgengni á hlaupabrautum ekki góð, eru of oft t.d. mörk á þeim. Æfingartímum þarf að breyta líka. Hugmynd var rædd um að fá hluta af fótboltavöllum langsum, skilið af með neti/tjaldi fyrir æfingar UFA, þegar fótboltaæfingar barna eru. Menn voru sammála um að æskilegt væri að hafa sem flestar æfingar UFA á sama stað, þ.e. í Boganum. Nauðsynlegt væri þó að halda tímum í höllinni fyrir æfingar sem geta ekki verið í Boganum.

Lagt er til að óska eftir fundi með Akureyrarbæ um að leysa úr þessum málum og síðan einnig með fulltrúum Þórs og starfsmönnum um samstarfið og samnýtingu mannvirkjana. Ellert spurði hvort ekki væri rétt að leggja áherslu á að leysa öryggisatriðin fljótt.

Nói sagði gervigrasvöll sem er í farvatninu á KA svæðinu (haust 2013) koma til með að létta á álaginu í Boganum. Menn voru þó sammála um að þangað til væri brýnt að leysa úr þessum umkvörtunarefnum.

Ákveðið var að UFA sendi endurnýjaðan lista til ÍBA. Stjórn ÍBA sendi síðan erindi til ÍRA með ósk um fund með Fasteignum Akureyrarbæjar.

Fundi var slitið kl. 17.50